



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
-velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 26. nóvember 2013
1311043 IE

Efni: Athugasemdir vegna 185. máls, frv. til laga um málefni aldraðra (stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra).

Með tölvubréfi dags. 25. nóvember 2013 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um 185. mál, þskj. 231, lþ. 143, frv. til laga um málefni aldraðra (stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra).

Jafnréttisstofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en minnir á að gæta þurfi að ákvæðum 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þegar tilnefnt og skipað verður í stjórn sjóðsins. Greinin er svo orðrétt:


15. gr. Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. máls. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur